

Eftirfarandi grein var sótt af Tímarit.is þann 25. september 2024 klukkan 09:01

Titill

Ljúflingar og fleira fólk

Höfundur

Guðrún Bjartmarsdóttir (1939)

Tímarit

Tímarit Máls og menningar

43. árgangur 1982

3. tölublað

Bls. 319-336

Vefslóð

<https://timarit.is/gegnir/991004461939706886>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við réttihafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi réttihafa.

Ljúflingar og fleira fólk

*Um formgerð, hugmyndafræði og hlutverk íslenskra
huldufólkessagna*

Í barnæsku minni í norðlenskri sveit var ég svo heppin að þekkja einhvern síðasta fulltrúa þeirrar munnlegu sagnahefðar sem nú er ekki lengur til í landinu. Það var kona á níraðisaldri, karlæg að mestu en óþrjótandi brunnur sagna og ævintýra sem sum hver munu nú öllum gleymd. Þau hafði hún m.a. numið af móður sinni sem á stundum hélt lífinu í börnunum með því að fara á milli bæja og segja sögur. Við krakkarnir þreyttumst seint á því að sitja kringum rúm gömlu konunnar og súpa í okkur ævintýrin, sum þeirra lærði ég og hélt áfram að segja systkinum mínum þegar sú gamla var öll. Ekkert þeirra er mér þó jafn minnisstætt og ein bernskuminning hennar sjálfar sem ég skal reyna að rekja hér eins og hún lifir í mínu minni.

Kotið var orðið matarlaust og einhver hátíð í vændum, líklega páskar. Móðirin hafði lagt í leiðangur niður í sveit að reyna að kaupa börnum sínum matarbita fyrir sögur, gangandi með sledakríli í eftirdragi til að flyta fenginn heim. Svo brast á stórhrið og það dróst að hún kæmi aftur. Börnin kúrdu í einu og sama fletinu til að halda á sér hita og verjast myrkfælninni, kofarnir nánast fenntir í kaf. Loks heyrðist eitthvert kraf og brölt á þekjunni og skelfingin helltist yfir þau, enda ísbirnir og draugar ríðandi húsum jafn nálægir börnum þeirra tíma og helsprengjan nú til dags. Þá var snjónum sópað ofan af strompinum og rödd móðurinnar kallaði niður til þeirra, hún hafði þá haft sig heim með hátídamatinn á sledanum.

Ekki veit ég hvort þessi saga er nákvæmlega sannleikanum samkvæm, sennilega er hún það ekki, frekar en aðrar sagnir úr munnlegri geymd. Það skiptir heldur ekki öllu máli, heldur hitt, að hún opnaði krakkanum mér óvænta og hrikalega sýn inn í það líf sem var fátækra barna og einstæðrar móður á öldinni sem leið.

Ég trúí að kynni mín af þessari gömlu sagnakonu og veröld hennar séu ein ástæða þess að ég hef lengi rennt hýru auga til þjóðsagnanna og

furðað mig á því tómlæti sem íslenskir bókmenntafræðingar hafa sýnt þeim. Þjóðsögur í einhverri mynd eru vafalaust jafngamlar mannkyninu. Erlendir fræðimenn hafa unnið mikið starf við að flokka þær eftir minnum, eða efnisatriðum, og rekja ferð þeirra um heiminn. Þekktir brautryðjendur í ævintýrasöfnun og rannsóknum, Grimmbræðurnir þýsku, töldu að evrópsk ævintýr væru leifar af sameiginlegum germönskum goðsagnaarfi. Aðrir hafa rakið þau til Indlands, enda eru til indversk ævintýrasöfn aftan úr grárri forneskju. Líka hafa menn látið sér detta í hug að sömu eða svipaðar sögur hafi komið upp víðs vegar um lönd óháðar hver annarri, byggðar á eins konar sameiginlegum hugmyndaarfi (erkítýpum) sem búi í undirvitund allra manna.

Langt er síðan menn tóku eftir því að margir textar úr munnlegri geymd eru hver öðrum næsta líkir að stíl og frásagnarhætti. Ýmsir áhangendur þeirra stefna sem kenndar eru við form og „strúktúr“ hafa því beint athygli sinni að þjóðsögum, s.s. rússinn Vladimir Propp sem taldi sig finna frásagnarlögmál rússneskra undraævintýra og Lévi-Strauss sem rannsakaði formgerð goðsagna.

Propp komst að þeirri niðurstöðu að öll eiginleg ævintýri hefðu sömu frásagnargerð, í þeim mætti finna 31 frásagnalið sem alltaf væru í sömu röð þó yfirleitt rúmudust þeir ekki allir í sama ævintýrinu. Í grófum dráttum er ævintýramunstrið á þessa leið:

Eitthvað fer úrskaiðis í samfélagi sögunnar, hetjan tekur að sér að bæta úr því, heldur að heiman og gengur í gegnum margvíslegar prófraunir sem skera úr um manngildi hennar og hetjuskap. Að vandanum leystum snýr hún aftur heim og fær þá sín laun, gjarnan prinsessuna og ríkið hálf eða heilt.

Mikilvæg atriði í ævintýrunum eru töfragripir eða einhver yfirnáttúrlæg hjálp sem hetjunnar leggst til og hefur úrslitaáhrif á gang sögunnar sem alltaf fer vel að lokum.

Sálfræðingar hafa freistað þess að túlka goðsagnir og ævintýri á svipaðan hátt og drauma og er sú hugmynd komin beint frá sjálfum höfuðpaurnum, Sigmund Freud. Hann taldi sem kunnugt er að bældar kenndir og minningar (og þá einkum kynferðislegar geðflækjur) leitundu útrásar í draumum manna í dulargervi sérstaks tákn máls. Það átti að sumu leyti að vera einstaklingsbundið en að öðru leyti í föstum skordum og þá náskyld því tákn máli sem ætla mætti að lægi til grundvallar goðsögnunum og ævintýrunum.

Þessar rannsóknir hafa gefið af sér ákveðnar kenningar um hlutverk

ævintýra og mikilvægi þeirra fyrir persónuleikaþróun barna og unglinga. Ævintýrið er heimur í hnotskurn, segja menn, brottför söguhetjunnar og prófraunir táknrænar fyrir þroska barnsins sem fyrr eða síðar verður að læra að standa á eigin fótum í lífsbaráttunni. Töfragripir og yfirnáttúrlegir aðstoðarmenn eru persónugervingar óska þess og vona og óvættir og illmenni líkamningar óttans sem öll börn þekkja í einhverri mynd. Barnið samsamar sig söguhetjunni, ekki síst þar sem hún er yfirleitt heldur lítill bógur og hefur sömu vandamál og það sjálft. Hinn góði endir ævintýrisins stuðlar því að bjartsýni þess og lífstrú. Grimmilegar refsingar vondu persónanna (sem oft hafa verið taldar galli á ævintýrunum) veita því útrás fyrir bældar og bannaðar hvatir, hatur og hefningirni vegna þess óréttlætis sem því finnst það oftlega vera beitt.

Samkvæmt þessu fjalla ævintýrin um sameiginlegan vanda allra manna, enda eru þau alþjóðleg og óbundin tíma og rúmi, a.m.k. gerast þau ekki í neinu ákveðnu landi, þó þjóðfélagsmynd þeirra minni að vísu mest á lénsskipulag miðalda, annars vegar kóngar og aðalsmenn í glæstum höllum, hins vegar réttlausir fátæklingar í koti sínu.

Ýmsar aðrar þjóðsögur eru hins vegar miklu nátengdari ákveðnu samfélagi og ákveðnum tíma þó þær beri meiri og minni keim af ævintýrum. Dæmi um það eru t. d. íslenskar útilegumanna- og tröllasögur og ekki síst huldufólkssögurnar sem eftir því sem ég best veit eru talsvert ólíkar þeim álfasögum sem safnað hefur verið annars staðar á Nordurlöndum. Slíkar sögur er því forvitnilegt að reyna að túlka með hliðsjón af því samfélagi sem skóp þær og varðveitti. Hvað er líkt og ólíkt með þeim og ævintýrunum, hver eru vandamál þess fólks sem þar birtist, óskir, vonir og þrár, hverjum augum lítur það sjálft sig, annað fólk, möguleika sína í lífinu? Með öðrum orðum: hver er lífssýn og hugmyndafræði sagnanna og hvaða lausnir hafa þær að bjóða? Á hvern hátt eru þær mótaðar af samfélaginu, hvaða hlutverki kunna þær að hafa gegnt, að hve miklu leyti spegla þær og staðfesta rikjandi hugmyndafræði tímabilsins, kirkjunnar og hinna opinberu bókmennta? Getur kannski verið að þær geymi andóf gegn sömu hugmyndafræði?

Í því sambandi má nefna að eitt helsta hlutverk allra þjóðfræða hjá ólæsu og lítt skólalagengnu fólki er að kenna mönnum hvernig þeir eigi að haga sér í lífinu. Því er talið að þjóðsögur miði gjarnan að því að setta einstakling og samfélag.

Sérhvert bókmenntaverk, jafnvel sérhver texti, er ofurlítill heims-

mynd, vitnisburður um lífssýn og hugmyndaheim þess sem skapaði hann. Í íslenskum þjóðsögum sjáum við aragrúa mynda af daglegu lífi fólksins í landinu í þeirri veröld sem var. Þær eru angi af þeirri alþýðumeningu og alþýðuskemmtun sem um langan aldur þótti of ómerkileg til að komast á bækur en þreifst engu að síður, tiltölulega óháð eða jafnvel í blóra við hina opinberu menningu. Þær eru ekki skapaðar af einum höfundu heldur mörgum, þar sem þær hafa gengið manna á milli og mótast bæði af flytjendum og áheyrendum. Þær ættu því öðrum bókmenntum fremur að geta birt okkur einhvers konar félagslega vitund, heimssýn eða lífsskilning ákveðins hóps eða tímabils. Og í þjóðsögunum sjáum við einmitt hina lítills metnu og kúguðu samfélagshópa sem annars koma lítt eða ekki við sögu landsins né bókmenntanna, a.m.k. er hún aldrei skrifuð frá þeirra sjónarhóli. Í þjóðsögunum eru alls kyns ómerkilegar persónur oftast söguhetjurnar, olnbogabörnin í fjölskyldunni, vinnumenn og vinnukonur, smalar og sauðamenn. Og ótrúlega margar þessara sagna hafa konur í aðalhlutverkum og fjalla beinlínis um líf þeirra og vandamál.

Hér á eftir verður reynt að fara í saumana á nokkrum íslenskum huldufólkssögum. Þær eru sóttar í þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar en það kom fyrst út árið 1862 og hefur m. a. að geyma yfir 300 álfasögur sem skráðar hafa verið fyrir og um miðja 19. öld. Þær eru flokkaðar eftir efni og hef ég haldið mig við tvo flokka: Huldufólk leitar lags við mennskar manneskjur og Jóla- og nýársgleiðir álfa.

Af skiljanlegum ástæðum er erfitt að tímasetja þjóðsögur, raunar er skrásetningartíminn þar eini fasti punkturinn og endanleg gerð sögunnar verður að skrifast á reikning síðasta sögumanns. Þess vegna getur verið forvitnilegt að bera saman mismunandi gerðir sömu sagna með tilliti til þess hvenær þær eru skráðar og eftir hverjum. Safnarar J.Á. eru flestir karlkyns, enda mest leitað til presta og þamfíla eða alþýðusagnfræðinga og grúskara. Stundum geta þeir þó heimildarmanna og af þeim ca 110 sögum sem ég hef skoðað betur en aðrar eru 36 feðraðar á þann hátt. Þar af eru 22 hafðar eftir konum, 11 eftir körlum og 3 eftir báðum kynjum.

Almennt má segja að huldufólkssögurnar snúist um ýmisleg samskipti þeirra tveggja þjóða sem samkvæmt þjóðtrúnni byggja landið, huldufólks og mennskra manna. Eins og vænta má í slíku sambýli verða þar oft erjur milli granna, það er t. d. tekist á um lönd og bústaði, en oft er líka hjálpast að í lífsbaráttunni sem einkennist af sömu vandamálum í

báðum heimum. Barnsfæðingar, hið eilífa kvíðaefni kvenna, ekki síst í læknislausu landi, krefjast t.d. skilyrðislausrar samstöðu. Huldukona sem ekki getur fætt barn sitt á sér þá einu björgunarvon að mennskur maður eða kona fari um hana höndum. Það er mikill glæpur að skorast undan því. Þegar kýr álfkonunnar bregst leitar hún á náðir grönnu sinnar í mannheimum sem miðlar henni af sínum litlu birgðum, svona eins og einni könnu á dag svo börnin megi lifa af veturinn. Að launum þiggur grannkonan falleg fót eða góða gripi, en af slíku virðist alltaf vera meira til í álfheimum. Og að sjálfsögðu vantar ekki ástina, hvorki þá leyfðu né hina forboðnu. Þar verða kannski hvað mestir árekstrar.

Afstaðan til þessarar ósýnilegu veraldar í klettum og hólum er tvíbent. Annars vegar er óttinn við það óþekkta, hins vegar vonin um annað og betra líf, leiðir sem eru mönnum lokaðar í hörðum heimi hversdagsins. Í álfheimum er draumaprinsinn sem ekki fyrirfinnst í sveitinni, skartklæðin sem geta breytt fátækri smalastúlku í glæsikvendi og þar með skaffað henni gott gjaforð, silfur og gull sem gerir sauðamanni kleift að komast yfir jörð, en þessar eru tvær helstu leiðir vinnufólks upp samfélagsstigann. Huldufólkið launar ríkulega þeim sem gerir því gott en refsar hinum jafn grimmilega og er þá oft einmitt að framfylgja því réttlæti sem vill verða misbrestur á í mannheimum.

Þegar fyrrnefndar 110 sögur eru skoðaðar með hliðsjón af frásagnarlögmáli Propps kemur í ljós að mjög margar þeirra hafa formgerð sem er kjarninn úr ævintýramódeli hans, þ.e. einhvers konar prófraun söguhetju, eina eða fleiri, en eins og flestir kannast við er þrítekning slíkra prófana mjög algeng í ævintýrum. Algengt er að nokkrar, jafnvel margar sögur hafi í grundvallaratriðum sömu formgerð þó yfirborðsgerðirnar virðist ansi ólíkar við fyrstu sýn. Með öðrum orðum; beinagrindin er sú sama þó holdið á beinunum sé misjafnt að magni og gerð. Í slíkum tilvikum verður hér á eftir oftast talað um mismunandi gerðir sömu sögu.

Trúlegt virðist að vinsælar og útbreiddar sögur spegli öðrum fremur hugsunarhátt og áhugamál almennings. Hér verður því byrjað á að skoða einn stærsta hópinn, sögur um jóla- og nýársgleðir álfa og afdrif þeirra mennsku manna sem verða vitni að þeim. Þær eru í kringum tuttugu talsins og í tveim allólikum gerðum eftir því hvort söguhetjan er karl eða kona. Þá verður fjallað um annan vinsælan hóp sem kalla mætti kvennafarssögur eða amorsleiki í álfheimum. Þar koma kynlífsvandamálin fram á sjónarsviðið, efni sem er algerlega forboðið í

opinberum bókmenntum aldarinnar, svo og mörg hundruð ár aftur í tímann. Loks kemur sá flokkur sem kom mér hvað mest á óvart og virðist eiga margt sameiginlegt með kvennabókmenntum okkar tíma, harmsögur af konum sem reyna að rísa gegn karlveldinu og ráða lífi sínu sjálfar.

Jóla- og nýjársgledir álfa

Kynning aðstæðna í sögum þessum er misjöfn en yfirleitt er um að ræða bæ þar sem siður er að fara til messu á jóla- eða nýjárnsnótt en einhver einn skilinn eftir heima til að gæta bæjarins eða sinna skepnum. Oft er það talið illt hlutskipti, jafnvel lífshættulegt, því aðrir sem heima hafa setið hafa brjálást eða verið drepnir.

Söguhetjur skiptast nokkuð jafnt á bæði kyn. Sé hún karlmaður er það yfirleitt aðkomumaður eða vinnumaður sem býðst til að verða eftir eða um það er samið við ráðninguna. Stúlkunni er hins vegar skipað að vera heima, oft sárnauðugri, enda er hún gjarnan vinnukona hjá vondri húsmóður eða olnbogabarn ef hún er bóndadóttir.

Einhverntíma kvölds drífur svo að huldufólk sem heldur veislu í bænum. Örlög þess sem heima sat ráðast þá af því hvernig hann bregst við þessum óvæntu aðstæðum (sbr. prófraun hetjunnar hjá Propp).

Sögurnar um kvenfólkið eru yfirleitt bæði lengri og flóknari að allri gerð, og allt aðrar kröfur gerðar til þeirra en karlanna. Þeir eru ráðsnjallir og djarfir, fela sig milli þilja eða undir gólfinu og þrauka þar af nóttina. Oft er dálítil hættustemming meðan huldumenn standa við, þeir láta ófriðlega eða taka hundinn og slá honum við svo ráða má í afdrif heimamanns ef hann fyndist. Hörðustu söguhetjurnar ráðast fram við heppilegt tækifæri, flæma huldufólkið burt, drepa jafnvel einhverja og leggja undir sig góssið sem eftir verður. Síðan ekki söguna meir nema huldufólks verður ekki vart framár á þeim bæ og vinnu-
manni nýtast gersemarnar til einhverra góðra hluta.

Stúlkurnar virðast afturámóti fara í öllu að vana sínum, þær þrifa bæinn, taka til mat og kveikja ljós (en þessi myndarskapur fellur vel í kramið hjá huldufólkinu þegar það kemur), setjast svo bara einhversstaðar afsíðis og bíða örlaga sinna, en ævinlega með bók í hendi. Sé getið innihaldsins er það guðsorð. Meðan á þessu stendur koma oft til stúlkunnar ókunnug börn, biðja hana um matarbita eða eru eitthvað vonarleg í kringum hana. Næst kemur huldufólkið og slær upp balli eða öðru sprelli, býður henni gjafir og reynir að fá hana með í leikinn.

Loks kemur síðasta prófunin, fríður og fallegur huldumaður sem reynir að fara undir fötin hjá henni. Gefi hún huldubörnunum bita eða kertisstúf, sitji sem fastast við sína bók meðan gestirnir borða og skemmta sér og verjist allri áreitni mannsins fer allt vel. Enginn gerir henni mein og þegar fólkid fer skilur það eftir forlata kvenbúning, skart eða a. m. k. efni í pils, eða móðir barnanna og eiginkona kvennamannsins færir henni þetta fyrir að hafa verið góð við börnin en ekki manninn.

Stundum lýkur sögunni með því að vegur stúlkunnar vex af þessu öllu og nýju fötin hressa upp á útlitid svo hún fær gott gjaford og verður hin mesta gæfukona. Oftar er þó endurtekning á sama munstri með öfugum formerkjum, þ.e. hin vonda móðir olnbogabarnsins eða húsmóðir vinnustúlkunnar reynir að ná frá henni gersemunum og heimtar svo að vera heima næst. Hún fer hins vegar öfugt að, nennir ekki að sópa, ber frá sér barnungana, gengur í dansinn með huldufólkinu og/eða liggur marflöt fyrir huldumanninum. Þetta kann ekki góðri lukku að stýra, því í gleðinni lærbrotnar hún eða verður ær, og höndin sem barði börnin og klappaði huldumanninum visnar eða verður altekin óþolandi kvölum sem leiða hana að lokum til dauða.

Uppeldishlutverk þessara sagna er augljóst, sérstaklega að því er varðar stúlkurnar, enda greinilega stórum vandasamara að vera kona. Karlinn á að vera klókur og harður í horn að taka og reiðubúinn að taka dálitla áhættu. Konan á hins vegar að vera hlýðin og óvirk, barngóð og þrifin, vinnusöm, guðrækin og skírlíf og frábitin öllu hoppi og húi, en þá getur hún líka endað sem biskupsfrú. Um það er eitt dæmi í sögunum.

Hugmyndafræði kirkjunnar skín þarna alls staðar í gegn, áhersla hreintrúarstefnunnar á alvörugefni og vinnusemi og fordæmingu allrar gleði, næst kynlífi eru dansiböll það versta sem ung stúlka getur látið hafa sig í. Refsing vondu kvennanna leiðir líka óhjávæmilega hugann að þeim boðskap ritningarinnar að ef auga þitt hneykslar þig þá skuli rífa það út, ef hönd þín hneykslar þig þá höggva hana af.

En það má líka líta á söguna frá annarri hlið, sem draum fátækrar og kúgaðrar stúlku sem veit með sjálfri sér að hún er bæði fallegri, betri og síðsamari en hinar sem yfir hana eru settar, uppáhaldsheimasætan, móðirin eða húsfreyjan. Hún þarf bara að fá tækifæri til að sýna hvað í henni býr og falleg föt til að útlit hennar fái að njóta sín. En þar þarf eitthvað yfirnáttúrlegt að koma til. Vinnukonur höfðu oftast en hitt engin laun önnur en fæði og húsnæði auk nauðsynlegustu ígangsklæða

sem oft voru víst skorin við nögl. Eini möguleiki þeirra til verulegra breytinga var að giftast upp fyrir sig. Glæsilegur kvenbúningur hefur því hér eðli töfragripsins í ævintýrunum sem dugað gat eigandanum til að ná í kóngsdótturina og ríkið.

Yfirnáttúrlegi þátturinn, þ.e. afskipti huldufólksins, þjónar líka þeim tilgangi að fletta ofan af hinu rétta innræti vondu kvennanna og koma á svolitlu réttlæti í veröldinni. En þar er stigsmunur á. Hvorki heimasæturnar, mæður né systur góðu stúlknanna ganga svo langt að leggjast með huldumanninum, einungis húsfreyjurnar. Þar í gæti falist ádeila á tvöfalt síðgæði húsbændanna sem fylgdust grannt með hegðun vinnufólks síns og voru ósparir á refsingarnar meðan þeir sjálfir leyfðu sér hitt og þetta. Það eru líka húsfreyjurnar að viðbætti einni vondri móður sem fá þyngstu refsinguna, kvalafullan dauðdaga. Hér hafa því kúgaðar og þrautþíndar vinnukonur og barin börn e.t.v. getað fengið ofurlitla útrás fyrir beiskju sína og hefningu í garð kvalara sinna.

Mér finnst einboðið að líta á mismunandi útgáfur sögunnar í ljósi þessa margfalda hlutverks. Sögumenn eða konur hafa vafalaust gert mismunandi mikið úr mismunandi atriðum eftir því hvað þeim sjálfum lá á hjarta og hverjir áheyrendur voru. Þeir hafa svo aftur dregið lærdóm af henni eða notið hennar hver með sínum hætti.

Amorsleikir í álfheimum

Hér má telja a.m.k. 12 sögur, flestar fremur stuttar og einfaldar að gerð, byggðar utanum eina prófraun sem alltaf er sama eðlis. Aðalpersónur eru tveir karlmenn: eldri og yngri, stundum faðir og sonur, eða æðri og óæðri, langoftast prestur og ráðsmaður hans eða vinnumaður. Sá eldri eða æðri á vanda til að hverfa að heiman við ýmis tækifæri, einkum á helgum, enginn veit hvert, en stundum er haldið að hann sé með álfum. Sá yngri eða óæðri sækir fast að fá að koma með og er að lokum veitt það með því skilyrði að hann geri í öllu eins og hinn eða allt það sem krafist verði af honum. Svo er haldið í álfheima, klett eða hól, þar sem fyrir eru tvær konur, eldri og yngri, oft mæðgur. Þær bjóða upp á ríkmannlegar veitingar og síðan gengur eldra parið í eina sæng og fer vel á með þeim. Nýliðanum er ætlað að hvíla hjá þeirri yngri en hann neitar þverlega, hrindir henni frá sér og slær hana þegar hún leitast á hann, reynist áhugalaus eða getulaus þegar upp í er komið eða tekst a.m.k. ekki að gera hana ánægða. Afleiðingin verður mikil reiði beggja kvenna og oftast álög, hann verður stelsjúkur, verstí kvennabósi eða

ógiftur alla ævi, meðan hinn heldur áfram sínu sambandi og giftist jafnvel ástkonu sinni síðarmeir.

Ef klemma á þessa sögu inn í ævintýramódelið verður ungi maðurinn í hlutverki svikahetjunnar, þ.e. vonda mannsins sem gerir allt öfugt og fær refsingu. Hinn væri þá hetjan sem sýnir hvernig á að haga sér. Karlmennska hans eða ágæti er hins vegar ekki sérstaklega í sviðsljósinu, sagan fylgir þeim yngri (óæðri) og er jafnvel höfð eftir honum og í stað þess að flokka hann með vondu fólkri fær lesandinn fremur samúð með honum. Hér er því eitthvað sem ekki stemmir við heimsmynd ævintýranna.

Franski strúktúralistinn Greimas telur að við greinum merkingu sem kerfi andstæðna og mismunar. Til að varpa ljósi á hugmyndafræði ákveðins texta sé því gott að draga fram meginandstæður hans og þau hugtök og fyrirbæri sem tengjast þeim.

Eitt af því sem einkennir þjóðsögur eru skarpar andstæður. Í þessari sögu eru þær aðallega tvenns konar og má t.d. sýna þær á eftirfarandi hátt:

Álfheimar	Mannheimar
hið óþekkt	hið óþekkt
ævintýri	hverdagsleiki
áhætta	öryggi
kynlíf	
karlmennskukröfur	
Eldri maður	Yngri maður
Æðri maður	Óæðri maður
prestur	ráðsm./vinnumaður
faðir	sonur
eldri kona	yngri kona
girnd, ást	ótti, óbeit
ánægja	vanlíðan
kyngeta	getuleysi
gæfa	ógæfa

Framan af er drifkrafturinn í sögunni forvitni minni mannsins og ævintýraþrá, takmark hans að öðlast sömu lífsreynslu og hinn. Í ævintýrunum eru yfirleitt andstæðar persónur sem stuðla að eða vinna gegn því að hetjan nái takmarki sínu. Hér eru það fremur andstæð öfl innra með honum sjálfum en líka ytri aðstæður og þrýstingur um-

hverfisins. Orsakir óviljans eða ósigursins eru oft ekki skýrðar en annars staðar er ýmislegt tínt til. Frá einni stúlkunni leggur slíkan hita að maðurinn ætlar að stikna, annar ýmist brennur eða frýs, en hvort tveggja er dæmigert fyrir kvíða og taugaóstyrk. Yfir þann þriðja kemur einhver óútskýrð vanlíðan og viðbjóður svo hann helst ekki við í rúminu, fjórði finnur vonða lykt af stúlkunni og um þann fimmta er sagt berum orðum: „kom ótti og kvíði í stað girndarinnar hana til þeirra verka að snerta.“

Togstreitan, hvarflið milli löngunar og viðbjóðs, er velþekkt afleiðing kynferðislegrar bælingar samfélagsins, ekki síst hjá unglingum sem eru að uppgötva þessa leyndardóma hinna fullorðnu. Þar við bætast svo karlmenskukröfurnar og óttinn við að standa ekki undir þeim, vandi sem ekki er einskorðaður við unglinga en brennur þó trúlega hvað mest á þeim.

Ýmsir hafa bent á að prófraunir ævintýranna séu náskyldar manndómsvígslum frumstæðra þjóða, þar sem hið kynferðislega innihald er ódulið. Svo er líka hér. Yngsti pilturinn sem fer í álfheima er einmitt 12 ára (en þar voru skilin milli barns og fullorðins að fornum lögum). Hvernig sá eldri hefur komist í kynni við sína vinkonu fylgir ekki sögunni en gera verður ráð fyrir að hann hafi einhverntíma gengið í gegnum svipaða reynslu, enda leggur hann ríkt á við hinn að standa sig, varar hann jafnvel við áður en af stað er farið að hann megi búast við að fá kvenmann í rúm til sín og liggi mikið við að hann verði „henni að duganlegum manni til amorsleikja.“ Annar tekur fram að hinn verði að hvíla hjá stúlkunni þó honum þyki það ónotalegt, þrjár fyrstu næturnar sé mikil raun að hvíla hjá huldukonu en síðan bíði betri tíð.

Álögin sem ungi maðurinn verður fyrir eru táknræn, atburðurinn verður honum slíkt áfall að hann truflast á einhvern hátt, getur ekki náð neinu sambandi við konur upp frá því eða er stöðugt að reyna að sanna karlmennsku sína með nýju og nýju kvennafari.

Í einni sögunni er stúlkan sem sofa þarf hjá beinlínis ófreskja í álögum, og þar erum við komin inn í heim ævintýranna þar sem konungbornar persónur í ýmislegum álagaham geta því aðeins losnað úr honum að einhver af gagnstæðu kyni fái stíl til að sofa hjá þeim. Þar hefur það verið túlkað sem táknrænt fyrir það viðhorf að kynlíf sé eitthvað ljótt, dýrslegt og óttalegt, sérstaklega í augum ungra og saklausra stúlkna, en oftast eru það þær sem verða að leggja á sig þessa raun. Ástin, fórnarlundin, þakklátsemin, eða hvað það nú er sem rekur

þær til þess, breyti hins vegar eðli athafnarinnar og þótt þær á brúðkaupsnóttina upplifi maka sinn sem ófreskju eða villidýr eigi hann fyrir sér að breytast í prins.

Vafalaust hefur hjónabandið líka sitt að segja í þessu sambandi, það sem nýtur blessunar guðs og manna innan þess, er skepnuskapur undir öðrum kringumstæðum. Hugsanlega blandast slíkar siðgæðishugmyndir inn í okkar sögur líka, huldukonan er auðvitað fulltrúi frjálsra ásta eða öllu heldur kynlífs án ástar eða undanfarandi kynningar (það gæti kannski verið öðruvísi hjá hinu parinu). Hins vegar má gera ráð fyrir að einhverjir hinna eldri og reyndari séu í hjónabandi í mannheimum og þar með að drýgja hör í álfheimum, en vinnumenn og unglingar frekar lausir og liðugir. Það virðist þó ekkert atriði hér, heldur er það aldur og samfélagsstaða karlanna tveggja sem gerir gæfumuninn. A.m.k. 5 prestar og einn prestssonur eru í hlutverki fararstjóranna og tveir feður taka með sér son sinn. Alls staðar eru það þeir sem yngri eru og neðar í mannfélagsstiganum sem ekki ráða við aðstæðurnar.

Athyglisvert er líka að jafnvel þar sem báðir karlarnir eru ungir er ástkona þess eldri samt nokkuð gömul, oft móðir hinnar. Í því gæti falist sá vísdomur að frekar sé von að þetta lukkist með eldri og lífsreyndari konu. Stingur það óneitanlega í stúf við hugmyndafræði rómantíkurinnar sem er ríkjandi í opinberum bókmenntum aldarinnar.

Þessar sögur hafa vafalaust kitlað tilfinningar ýmissa áheyranda, enda aðstæður í upphafi dæmigerðar fyrir draumóra kynhungraðra karlmanna: fúsar og fallegar konur í næsta hól, óbundnar af siðgæðislögmálum mannheima. En í stað hinnar hamingjusömu lausnar ævintýrisins þar sem losnar um allar hömlur verða þær yfirsterkari hér, unga manninn brestur kjark eða mistekst og megináhersla er lögð á illar afleiðingar þess. Í stað þess að efla bjartsýni og losa menn við bælingar virðist þessi saga því fremur ala á óttanum, draga úr mönnum kjarkinn og innræta þeim þolinmæði. Þeir kjarkmestu eða háttsettu (sbr. prestssoninn) hafa kannski getað skynjað hana sem hvatningu, möguleikinn er vissulega fyrir hendi, persónugerður í eldri manningum. Fleiri hafa þó líklega dregið af þessu þann lærdóm að ungum mönnum og óreyndum, (og þar að auki fátækum) sé hollast að halda sig heima og forðast alla ævintýraleit. A.m.k. eru ótímabærar kynlífstílaunir stórvarasamar, slíkt er aðeins fyrir þá eldri eða efnaðri.

Raunveruleikinn að baki er staðnað og stéttskipt samfélag, þar sem hvers kyns rötleysi og ævintýraþrá er illa séð og bælingin einn mikil-

vægasti þátturinn í uppeldinu. Kynlíf vildi óhjákvæmilega leiða til barneigna og til þess að sjá fyrir konu og börnum þurftu menn að eiga eitthvað til, a.m.k. nokkrar rollur og helst jarðnæði ef vel átti að vera. Fátækir vinnumenn náðu því marki seint eða aldrei og margir bændasynir ekki fyrr en tiltölulega seint á ævinni, þeim veitti því ekki af ærlegri bælingu til að hafa hemil á náttúrunni.

Selmatseljan

Þessi saga er í 5–6 gerðum, söguþráður í öllum megindráttum sá sami. Bóndadóttir/prestdóttir er selráðskona á sumrum, kemst þar í kynni við fríðan og fallegan huldumann og verður ástfangin af honum. Þar kemur að heimafólki sýnist hún þykkna grunsamlega undir belti, hún neitar öllu slíku, er oftlega höfuðsetin og vöktuð en tekst engu að síður að fæða barnið án þess að nokkur verði var við, annaðhvort úti á víðavangi eða í selinu. Huldumaðurinn kemur henni til hjálpar, situr yfir henni og tekur barnið með sér svo ekkert sannast á stúlkuna. Hún kemst þó ekki frammar í selið og innan skamms er reynt að gifta hana einhverjum mennskum manni. Hún þráast við í lengstu lög, biður um frest, þverneitar, er þetta sárnauðugt, o.s.frv. Stundum hefur hún lofað að bíða huldumannsins einhvern tíma, oftast ekkert á það minnst, en alltaf verður hún að láta undan að lokum, setur þá það skilyrði að eiginmaðurinn taki aldrei vetrarmenn né lofi ókunnugum mönnum að gista án hennar leyfis. Hann gengur að því. Svo líður tíminn, hjónabandið er fríðsamt, hún er góð við manninn og hann við hana en enginn maður sér hana glaða. Loks kemur að því að tveir menn beiðast gistingar eða veturvistar, bóndi segist verða að spyrja húsfreyju en er þá hæddur fyrir að búa við konuríki, hvað hann ekki þolir og tekur við mönnum. Konan bregst illa við; af því eru ýmsar útgáfur en alltaf forðast hún gestina, talar ekki við þá, sér þá jafnvel ekki allan veturinn. Fyrr eða seinna kemur þó að því að bóndi hennar þvingar hana til að hitta þá, jafnvel kveðja þá með kossi eða eitthvað þ.h. Þá fallast þau í faðma, eldri maðurinn og húsfreyja, og springa bæði af harmi. Einhver ljóstrar þá upp leyndarmáli konunnar og að þetta hafi verið huldumaðurinn að vitja unnustunnar með son þeirra með sér.

Þessi saga fellur engan veginn að ævintýramynstrinu, enda harmsaga en ekki ævintýr. Hér er stillt upp sem andstæðum álfheimum og mannheimum, selinu og sveitinni, frelsinu og föðurveldinu. Í selinu ræður stúlkan sér sjálf, þar velur hún sér ástmann, þar er hamingjan,

ástin og barnið. Í sveitinni verður hún að lúta vilja föður síns, hann velur henni eiginmann, þar er ástlítið hjónaband og barnlaust, a.m.k. er aldrei minnst á að þau eigi börn.

Ef við skoðum atburðarásina í fyrri hluta sögunnar og þau öfl sem þar takast á er ljóst að stúlkan er gerandinn eða a.m.k. vill vera það, takmarkið sem hún keppir að er ást og hamingja, lausn undan feðravaldinu. Henni til aðstoðar er frjálsræðið í selinu og huldumaðurinn sem hjálpar henni að leyna hrösun sinni, og hann á einnig að færa henni hamingjuna. En tilraunir hennar til að ráða lífi sínu sjálf rekast á sjálfa samfélagsgerðina. Samkvæmt henni er hún aðeins andlag (objekt), hlutur sem karlmenn ráðskast með, faðir hennar gefur hana öðrum manni.

Komin í hjónabandið reynir hún þess vegna aðra leið. Hún er ekki alveg búin að gefast upp, reynir enn að vera gerandinn, en í stað hamingjunnar er takmarkið nú aðeins þolanlegt líf, einhvers konar sátt við hlutskiptið fyrst það er nú einu sinni óhjákvæmilegt. Sér til hjálpar grípur hún nú til bælingarinnar, reynir að tryggja að hún þurfi aldrei að sjá elskhugann framur og hyggst þannig halda tilfinningum sínum í skefjum. En andstæðingurinn, bófinn í sögunni, er enn sem fyrr karlveldið, nú persónugert í eiginmanninum sem ræður yfir henni, þvingar hana til að hitta huldumanninn, rífur þar með upp gömul sár og neyðir hana til að horfast í augu við tilfinningar sínar og kúgunina um leið. Hann rýfur alla samninga og *getur* það, því hans er valdið. Báðar þessar leiðir eru henni því lokaðar. Það verður henni óbærilegt, eina lausnin er dauðinn.

Ég fæ ekki betur séð en þessir tveir valkostir, bælingin eða dauðinn, séu einmitt þær lausnir sem algengastar eru og hafa verið í öllum sögum af uppreisnarkonum, þar á meðal nútíma kvennabókmenntum. Þær snúast einmitt oft um tilraunir kvenhetjunnar til að finna sjálfa sig og ráða lífi sínu sjálf, meðan flest önnur öfl sögunnar vinna að því að halda henni í hlutverki andlagsins. Selmatseljusöguna er ómögulegt að lesa öðru vísi en sem ákveðna gagnrýni á karlveldið eða a.m.k. tjáningu greinilegrar vitundar um kúgun kvenna.

Að andstæðingarnir í sögunni eru karlar og konur, en ekki bara einstaklingar og samfélag, er undirstrikað á ýmsa vegu. Þannig er t.d. aldrei minnst á móður stúlkunnar, oftast virðist hún enga eiga eða a.m.k. á hún engan þátt í átökunum. Það er alltaf faðirinn sem er reiður þegar hún er álitin ólétt, faðirinn sem lætur vakta hana, verður enn

reiðari þegar henni tekst að losa sig við barnið, skipar henni að giftast o.s.frv. „Ég er hrædd um að ég fái því ekki ráðið fyrir föður mínum,“ segir hún við huldumanninn þegar hann biður hana að bíða sín þrjá vetur. Kvennasamstaðan birtist líka í því að hún segir annarri konu leyndarmálið, þjónustustúlku eða tengdamóður sinni, þær þegja yfir því þangað til hún er dáin, einu sinni er meira að segja tekið fram um tengdamömmu að hún „vorkennir henni mikið“. Mætti þó kannski eins búast við að sú stæði með syni sínum sem vissulega hefur fengið svikna vöru, spjallaða mey. Hér höfum við semsagt systralagið sem femínistar eru að eftirlýsa í bókmenntunum.

Þessi saga hefur augljóslega allt annað hlutverk en ævintýrin, hún miðlar hvorki bjartsýni né lífstrú, hér hrynja allar skýjaborgir. Ástin og hamingjan eiga ekki heima í þessari veröld, tilraunir kvenna til að höndla þau gæði eru dæmdar til að mistakast því þær mega sín einskis gagnvart karlveldinu. Huldumaðurinn er tákn þeirra tilfinninga sem konan hefur útilokað úr lífi sínu, samningurinn við bóndann viðleitni hennar til að halda ákveðnu sjálfstæði og jafnrétti í hjónabandinu. Hvorugt getur eiginmaðurinn sætt sig við þegar til á að taka, hann vill eiga hana með húð og hári og ganga úr skugga um að hann ráði yfir henni að öllu leyti. Það er hins vegar líka vonlaust. Kona sem hefur verið gefin honum nauðug getur aldrei orðið hans að fullu og öllu. Því er báðum fyrir bestu að vekja ekki dýrið sem sefur. Það skilur hann hins vegar ekki fyrr en um seinan og eftir dauða konunnar er það hann sem aldrei lítur glaðan dag framár.

Hinar ýmsu gerðir sögunnar gera ýmist að leggja áherslu á þennan boðskap hennar eða draga úr honum. Þar kemur m.a. til mismunandi lífssýn og áhugamál sögumanna. Ein útgáfan er t.d. skráð eftir handriti Ólafs í Purkey, alþýðufræðimanns sem mun hafa verið uppi aðeins fyrr en Jón Árnason. Hann nennir ekki að tíunda það harðræði sem stúlkan er beitt eftir ævintýrið með huldumanninum, þó hann viti vel af því, segir aðeins: „var faðir hennar óhýr við hana um hvað ég fremur ei skrifa.“ Þó átökin og kúgunin séu mjög greinileg í handriti hans hafa þau verið enn meiri hjá þeim sem sagði honum söguna.

Í þessu sambandi er merkilegt að bera saman þær tvær aðrar gerðir sögunnar sem feðraðar eru í safninu, þ.e. heimildarmenn nafngreindir. Önnur er skráð eftir „húsfú Helgu Benediktsdóttur Egilsen“, heitir *Selmatseljan* og er mjög vel byggð, dramatísk og spennandi og engir lausir endar eða gloppur eins og oft vill verða í þjóðsögum. Hún er

jafnframt ein þeirra sem leggja mesta áherslu á átökin, kúgunina og ekki síst uppreisnina. Dæmi um það eru orð húsfreyju þegar bóndi hennar neyðir hana til að kyssa gestinn: „Í flestu sýnir þú að þú metur mig lítils, fyrst í því að þú tókst við mönnum þessum að mér fornsprudri og nú aftur þar sem þú vilt þröngva mér til þess að minnast við þá. En ekki fyrir það, ég skal hlýða, en þú skalt fyrir sjá því þar á riður líf mitt.“ Svo snarast hún inn, kyssir gestina og springur af harmi.

Þessi ræða er lengri en venja er í þjóðsögum og ekki líkleg til að geymast lengi orðrétt. Trúlegra er að húsfrú Helga hafi lagt konunni hana í munn. Ef svo er sýnir það að hún hefur átt auðvelt með að setja sig í hennar spor þó yfirstéttarkona væri.

Hin gerðin heitir *Selið* og er skráð orðrétt „eftir handriti Jóns Þórðarsonar,“ en sá mun okkur kunnugri undir nafninu Jón Thoroddsen. Hann hefur augljóslega samið hana algjörlega upp því stillinn er gjörólíkur því sem gerist í þjóðsögum og sagan eins og kafla úr rómantískri skáldsögu. Það sem húsfrú Helga leggur áherslu á er flest horfið með öllu.

Í upphafi er hástemmd lýsing á náttúrunni kringum selið og síðan fyrsta fundi hjúanna, huldumaðurinn heldur ræðu um ástina og stúlkan „vissi ekki fyrr en hún lá í faðmi hans og ástin sem hún hafði áður gert sér einungis daufa hugmynd um hafði nú gagntekið hjarta hennar.“ Svo er farið fljótt yfir sögu, sagt að hann hafi heimsótt hana oft og svo hafi farið að hún hafi átt barn í selinu, hann tekið það með sér. Síðan er hlaupið yfir 12 ár og byrjað aftur á nýrri náttúrustemningu, það er laugardagskvöld, „sólin að renna til víðar og sló gullroða á jadrana á skýjabólstrunum.“ Húsfreyja situr úti á hlaði með bónda sínum, þau ræða um veðurútlitið og kalla hvort annað „hjartað mitt“ og „góðan mín.“ Þá birtast huldumennirnir, hún hleypur í bæinn og vill ekki tala við þá. Næsta morgun er kirkjuferð og bóndi kemst að því að kona hans hefur ekki kvatt gestina. „Farðu þá heim aftur elskan mín og gerðu það,“ segir hann. Hún fer að gráta og segir að þessa muni hann iðra, snýr heim og springur af harmi eins og hinar. Þetta er allt og sumt sem eftir er af kúgun eða átökum, hvergi er minnst á föður hennar né tildrög að hjónabandinu. Kvennasamstaðan er líka dottin út, engar aðrar konur eru í sögunni, sonurinn kemur upp um leyndarmálið sem faðir hans hefur sagt honum.

Hér höfum við því gott dæmi um þann mun sem er á þjóðsögunni og hinum eiginlegu bókmenntum tímabilsins. Jón er á valdi rómantísku

stefnunnar og brýtur þjóðsagnahefðina til að miðla allt öðrum boðskap, vafalaust án þess að gera sér sjálfur grein fyrir því. Auk útmálunar á fegurð landsins og friðsældinni í sveitinni er saga hans tvær rómantískar ástarsenur og ekkert þar á milli, í þeirri fyrri er kvenpersóna hans óvirk og á valdi ástarinnar og karlmannsins, í þeirri seinni hamingjusöm húsmóðir og eiginkona og því gjörsamlega út í hött að láta hana springa af harmi þó aldrei nema komi gestir sem hún þekkir frá fornu fari.

Niðurlag

Að lokum get ég ekki stillt mig um að hnýta hér við stuttri sögu sem gæti verið vísbending um þann sagnfræðilega kjarna sem hugsanlega leynist í þessum sögum. Þar segir að Ragnheiður Pálsdóttir, móðir Brynjólfs biskups Sveinssonar og amma hinnar sögufrægu Ragnheiðar biskupsdóttur, þá heimasæta, hafi kvatt með sér bónda nokkurn fram á dal, horfið þar nokkuð lengi og komið aftur svuntulaus. Hafði hún þá alið barn í álfhól og gaf bónda fé til að hann þegði yfir.

Þó nútíma lesanda þyki sem svunta Ragnheiðar muni annars staðar niðurkomin en í álfhól og þagmælska bónda hafi greinilega brugðist, virðist það ekki hafa komið að sök. Ragnheiður sýnist hafa komist áfram í lífinu ekki síður en hinar skírlífu og hrein hjörtuðu meyjar í fyrstu sögunum hér að framan, enda réttlætið í heimi hér ekki jafn óskeikult og þar. Ekkert vitum við samt hvað hún hugsaði á leiðinni heim, hvað varð um huldumanninn hennar eða hvort nokkur maður sá hana gláða í hjónabandinu. Þannig er það með allar þessar sögur, þær vekja fleiri spurningar en þær svara. Því betur sem þær eru skoðaðar, þeim mun fleiri leiðir sér maður opnast til allra átta — og langar að fara þær allar. Greining mín á þessum þremur eða fjórum sögum hér að framan er því engan veginn tæmandi. Margar aðrar eru líka ekki síður áhugaverðar, þó þær bíði betri tíma. Skal ég nú reyna að draga hér fram nokkrar meginlínur sem mér virðist mega greina, bæði í þeim sögum sem hér hafa verið til umræðu og hinum sem skemmra eru á veg komnar.

Að því er varðar þjóðfélagsmynd og hugmyndafræði er mest áberandi stéttaskiptingin og hið tvöfalda siðgæði, hinn mikli munur sem er á hlutverkum kynjanna og þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra, svo og ólíkir draumar og væntingar karla og kvenna. Sögurnar um ungu stúlkurnar í jólagleðinni eru hrein prédikun um guðsóttu og góða siði

og vel má hugsa sér mæður messa þær yfir dætrum sínum til að herða þær gegn freistingum heimsins. Til ungu mannanna eru gerðar þveröfugar kröfur, sérstaklega þegar karlarnir taka þá með sér í helgarferðir til að kenna þeim á lífið. Áberandi er hve þeir hærri settu eru fyrir það að brjóta siðgæðisreglur samfélagsins, bændur, húsfreyjur og þá sérstaklega prestarnir, nokkuð sem vafalaust á rætur í veruleikanum. Viðhorfið til þeirra er hins vegar ólíkt. Í draumsýn vinnukonunnar eða viðvörun uppalandans hefnist húsfreyjunni rækilega fyrir syndir sínar meðan ekkert kemur fyrir kvennamennina, þeir njóta fremur virðingar og öfundar og eru fyrirmyndir þeirra ungu þó þeim takist ekki að fylgja þeim eftir.

Í ástum huldukvenna og mennskra manna eru það alltaf þær sem eiga frumkvæðið og áherslan er á hinum líkamlega þætti. Huldukonur eru sífellt að eltast við karlmenn og refsa þeim sem ekki vilja þýðast þær. Jafnvel þegar þeir flytja til þeirra í álfheima er sama uppi á teningnum, „hann varð strax að fara að sofa hjá henni,“ segir á einum stað. Þessu er öfugt farið í ástum huldumanna og mennskra kvenna. Unnusti selmatseljunnar er óskmynd hins rómantíska, tillitssama og tryggja elskhuga, hjálpar henni við verkin í selinu meðan hún er ólétt, firrir hana vandræðum með því að taka að sér barnið og springur af harmi þegar hann fær hana ekki. Aðrar stúlkur flytja í steininn og una þar hamingjusamar upp frá því, því eiginmaðurinn er alltaf svo góður við þær. Manni gæti dottið í hug að eitthvað hafi skort á það í mannheimi. Andstæða þessara eru mennskir menn sem eiga vetursetu í álfheimum, barna huldustúlku, hlaupast svo frá öllu saman og neita að gangast við barninu sínu þó það kunni að bitna illa á móðurinni sem stundum á sér sams konar föður og selmatseljan. Engir fá verri refsingu en þessir menn, hvort sem þar er á ferð óskhyggja svikinna kvenna eða uppeldisboðskapur mæðra til sona sinna til mótvægis við þann sem fyrr var nefndur.

Í stuttu máli má segja að konurnar dreymi um ást, falleg föt, góðan mann og sómasamlegt gjaforð og hafi ekkert á móti því að ná sér niðri á vondum húsfreyjum og kvennabósum í leiðinni. Í karlasögunum fléttast hins vegar saman draumar um holdlegar ástir og óttinn við þær kröfur sem þeim fylgja, bæði að því er varðar kyngetu og ábyrgð á afleiðingunum. Sá mikli ótti sem mönnum stendur af huldukonunum er raunar merkilegt fyrirbæri, hliðstæða við hann kemur varla fyrir í sambandi við huldumenn og mennskar konur. Er þessi hræðsla e.t.v.

einhvers konar djúpstæður ótti við konuna, sá hinn sami og birtist í galdraofsóknum miðalda (úti í löndum voru það sem kunnugt er aðallega konur sem voru brenndar) og hugmyndum kirkjufedranna um konuna sem upphafsmann syndarinnar og freistarann holdi klæddan?

Þannig blandast í huldufólkssögnum uppeldishlutverk, óskhyggja og veruleikaflótti og útrás ýmissa tilfinninga, ótta, haturs og uppreisnar. Staðfesting á hugmyndafræði kirkju og yfirvalda þarf víst engum að koma á óvart, varla heldur tvöfalt siðgæði og gamalgróin kynhlutverk. Þjóðfélagsádeila sú sem þar birtist, einkanlega í selmatseljusögunni, var mér hins vegar ný uppgötvun. Niðurstaða hennar og sú gagnrýni á ráðandi öfl í samfélaginu sem víðar gægist fram sýnist mér að sverji sig hiklaust í ætt við raunsæisstefnur síðari tíma.